

15. gr.

Sveitarstjórn úrskurðar, hvort sveitarstjórnarmaður hafi misst kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn. Sýslunefnd úrskurðar þessi atriði, ef sýslunefndarmaður á í hlut. Skjóta má úrskurði sveitarstjórnar og sýslunefndar til félagsmálaráðuneytisins.

Skjóta má úrskurði ráðuneytisins, samkvæmt grein þessari, til dómstólanna.

16. gr.

Kostnaður við sveitarstjórnarkosningar og kosningu sýslunefndarmanna greiðist úr sveitarsjóði.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört að Bessastöðum, 7. marz 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

13. marz

Nr. 6.

L Ö G

um heimild til kaupa á skuldabréfum Sameinuðu þjóðanna
og til lántöku í því skyni.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að kaupa skuldabréf af Sameinuðu þjóðunum fyrir allt að 80 þúsund Bandaríkjadollara og taka jafnháa fjárhæð að láni til þessara kaupa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. marz 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.